

21. fundur bæjarstjórnar

21. fundur bæjarstjórnar Árborgar, kjörtímabilið 2014-2018, haldinn miðvikudaginn 16. mars 2016 kl. 17:00 í Ráðhúsi Árborgar, Selfossi.

Neðanskráðir bæjarfulltrúar eru mættir:

Ari Björn Thorarensen, D-lista, forseti bæjarstjórnar,
Ásta Stefánsdóttir, D-lista, framkvæmdastjóri,
Gunnar Egilsson, D-lista,
Sandra Dís Hafþórsdóttir, D-lista,
Kjartan Björnsson, D-lista,
Helgi Sigurður Haraldsson, B-lista,
Eggert Valur Guðmundsson, S-lista,
Arna Ír Gunnarsdóttir, S-lista.

Auk þess situr fundinn Rósa Sif Jónsdóttir sem ritar fundargerð.

Forseti bæjarstjórnar setti fundinn.

Dagskrá:

I. Fundargerðir til staðfestingar

1.

a) 1601008

Fundargerð íþróttá- og menningarnefndar
17. fundur frá 10. febrúar

<https://www.arborg.is/17-fundur-ithrotta-og-meningarnefndar/>

b) 1601007

veitustjórnar Fundargerð framkvæmda- og
24. fundur frá 10. febrúar

<https://www.arborg.is/24-fundur-framkvaemda-og-veitustjornar-2>

/

c) 1601003

Fundargerð fræðslunefndar
18. fundur frá 11.

febrúar

<https://www.arborg.is/18-fundur-fraedslunefndar-2/>

d) 65. fundur bæjarráðs (1601001) frá 25. febrúar

<https://www.arborg.is/65-fundur-baejarrads/>

2.

a) 1601004

Fundargerð
19.

félagsmálanefndar

fundur frá 25. febrúar

<https://www.arborg.is/19-fundur-felagsmalanefndar-2/>

b) 66. fundur bæjarráðs (1601001)

frá mars

<https://www.arborg.is/66-fundur-baejarrads/>

3.

a) 1601006

Fundargerð skipulags- og
20. fundur

byggingarnefndar

frá 2. mars

<https://www.arborg.is/20-fundur-skipulags-og-byggingarnefndar-2/>

b) 67. fundur bæjarráðs (1601001) frá 10. mars

<https://www.arborg.is/67-fundur-baejarrads-2/>

Úr fundargerð skipulags- og byggingarnefndar, samanber 67. fund bæjarráðs til afgreiðslu:

- liður 6, málsnr. 1602112 – Umsókn um framkvæmdaleyfi til að fjarlægja hól við Engjaveg/ípróttavöll. Bæjarráð leggur til við bæjarstjórn að framkvæmdaleyfi verði samþykkt.
- liður 8, málsnr. 1512074 – Umsókn um framkvæmdaleyfi fyrir nýrri lög vatnsveitu og háspennustrengs í Austurvegi frá Fagurgerði að Hörðuvöllum. Bæjarráð leggur til við bæjarstjórn að framkvæmdaleyfi verði samþykkt.
- liður 9, málsnr. 1511230 – Umsókn um framkvæmdaleyfi fyrir heimtaugar fyrir vatns- og hitaveitu, FSu Hamar. Bæjarráð leggur til við bæjarstjórn að framkvæmdaleyfi verði samþykkt.
- liður 10, málsnr. 1510194 – Breyting á skipulagi lóða í Hagalandi. Bæjarráð leggur til við bæjarstjórn að tillagan verði samþykkt.
- liður 14, málsnr. 1405411 – Tillaga að deiliskipulagi Mjólkurbúshverfis. Bæjarráð leggur til við bæjarstjórn að tillagan verði auglýst.
- liður 15, málsnr. 1507134 – Tillaga að breyttu deiliskipulagi miðbæjar Selfoss og aðalskipulagi. Bæjarráð leggur til við bæjarstjórn að deiliskipulagstillagan verði auglýst og kynnt almenníngi og tillaga að breyttu aðalskipulagi verði send Skipulagsstofnun til athugunar og auglýst samhliða deiliskipulagsbreytingunni.
- liður 1 a) Kjartan Björnsson, D-lista, tók til máls um fundargerð ípróttá- og menningarnefndar frá 10. febrúar, lið 1, málsnr. 1601074 – Vor í Árborg 2016.
- liður 1 a) Kjartan Björnsson, D-lista, tók til máls um fundargerð ípróttá- og menningarnefndar frá 10. febrúar, lið 3, málsnr. 1602067 – Umræður um tómstunda- og forvarnamál.
Arna Ír Gunnarsdóttir, S-lista, tók til máls.
- liður 1 a) Kjartan Björnsson, D-lista, tók til máls um fundargerð ípróttá- og menningarnefndar frá 10. febrúar, lið 4, málsnr. 16010306 – Ársyfirlit Leikfélags Selfoss 2015.
- liður 1 a) Kjartan Björnsson, D-lista, tók til máls um fundargerð ípróttá- og menningarnefndar frá 10. febrúar, lið 5, málsnr. 1601471 – Ráðstefnan Ungt fólk og lýðræði 2016.
- liður 1 b) Eggert Valur Guðmundsson, S-lista, tók til máls um fundargerð framkvæmda- og veitustjórnar frá 10. febrúar, lið 3, málsnr. 1510214 – Breyting á gjaldtöku í Tjarnabyggð.
Gunnar Egilsson, D-lista, tók til máls.
- liður 1 c) Helgi S. Haraldsson, B-lista, tók til máls um fundargerð fræðslunefndar frá 11. febrúar, lið 5, málsnr. 1602048 – Leikskóladagatal 2016 – 2017.
Arna Ír Gunnarsdóttir, S-lista, og Sandra Dís Hafþórsdóttir, D-lista, tóku til máls.
- liður 1 c) Helgi S. Haraldsson, B-lista, tók til máls um fundargerð fræðslunefndar frá 11. febrúar, lið 6, málsnr. 1602049 – Skóladagatal 2016 – 2017.
Arna Ír Gunnarsdóttir, S-lista, og Sandra Dís Hafþórsdóttir, D-lista, tóku til máls.
- liður 1 c) Helgi S. Haraldsson, B-lista, tók til máls um fundargerð fræðslunefndar frá 11. febrúar, lið 12, málsnr. 1602069 – Innritun 6 ára barna skólaárið 2016 – 2017 og skólahverfi í Árborg.
Sandra Dís Hafþórsdóttir, D-lista, tók til máls.
- liður 1 c) Arna Ír Gunnarsdóttir, S-lista, tók til máls um fundargerð fræðslunefndar frá 11. febrúar, lið 3, málsnr. 1602035 – Nám grunnskólanemenda í Árborg á framhaldsskólastigi.
- liður 1 d) Eggert Valur Guðmundsson, S-lista, tók til máls um fundargerð bæjarráðs frá 25. febrúar, lið 1, málsnr. 1601008 – Fundargerð ípróttá- og menningarnefndar, lið 2, – Ósk um styrk – Örnefni á Selfossi. Helgi S. Haraldsson, B-lista, Sandra Dís Hafþórsdóttir, D-lista, Kjartan Björnsson, D-lista, Gunnar Egilsson, D-lista, Arna Ír Gunnarsdóttir, S-lista, og Ari Björn Thorarensen, forseti bæjarstjórnar, tóku til máls.
- liður 2 b) Eggert Valur Guðmundsson, S-lista, tók til máls um fundargerð bæjarráðs frá 3. mars, lið 8, málsnr. 1602193 – Ályktun sérfræðinga hjá félagsþjónustu vegna skerðingar vistonartíma í leikskólum og skólavistun í Árborg.
Arna Ír Gunnarsdóttir, S-lista, tók til máls.
- liður 2 b) Gunnar Egilsson, D-lista, tók til máls um fundargerð bæjarráðs frá 3. mars, lið 7, málsnr. 1602183 – Auglýsing UMFÍ eftir aðilum til að taka að sér undirbúning og framkvæmd 22. Unglingalandsmóts UMFÍ 2019.
- liður 3 b) Helgi S. Haraldsson, B-lista, tók til máls um fundargerð bæjarráðs frá 10. mars, lið 8, málsnr. 1603040 – Drög að samkomulagi milli velferðarráðuneytisins og Sveitarfélagsins Árborgar um byggingu hjúkrunarheimilis í Árborg. Ásta Stefánsdóttir, D-lista, og Arna Ír Gunnarsdóttir, S-lista, tóku til máls.
- liður 3, a) Fundargerð skipulags- og byggingarnefndar frá 2. mars, liður 6, málsnr. 1602112 – Umsókn um framkvæmdaleyfi til að fjarlægja hól við Engjaveg/ípróttavöll. Lagt er til að framkvæmdaleyfið verði samþykkt.
Tillagan var borin undir atkvæði og samþykkt með sjö atkvæðum, Kjartan Björnsson, D-lista, sat hjá.
- liður 3 a) Fundargerð skipulags- og byggingarnefndar frá 2. mars, liður 8, málsnr. 1512074 – Umsókn um framkvæmdaleyfi fyrir nýrri lög vatnsveitu og háspennustrengs í Austurvegi frá Fagurgerði að Hörðuvöllum. Lagt er til að framkvæmdaleyfið verði samþykkt.
Tillagan var borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða.
- liður 3 a) Fundargerð skipulags- og byggingarnefndar frá 2. mars, liður 9, málsnr. 1511230 – Umsókn um framkvæmdaleyfi fyrir heimtaugar fyrir vatns- og hitaveitu, FSu Hamar. Lagt er til að framkvæmdaleyfið verði samþykkt.
Tillagan var borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða.
- liður 3 a) Fundargerð skipulags- og byggingarnefndar frá 2. mars, liður 10, málsnr. 1510194 – Breyting á skipulagi lóða í Hagalandi.
Lagt er til að tillagan verði samþykkt
Tillagan var borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða.
- liður 3 a) Fundargerð skipulags- og byggingarnefndar frá 2. mars, liður 14, málsnr. 1405411 – Tillaga að deiliskipulagi Mjólkurbúshverfis. Lagt er til að tillagan verði auglýst.
Helgi S. Haraldsson, B-lista, Ásta Stefánsdóttir, D-lista, og Gunnar Egilsson, D-lista, tóku til máls.
Tillagan var borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða.
- liður 3 a) Fundargerð skipulags- og byggingarnefndar frá 2. mars, liður 15, málsnr. 1507134 – Tillaga að breyttu deiliskipulagi miðbæjar Selfoss og aðalskipulagi. Lagt er til að deiliskipulagstillagan verði auglýst og kynnt almenníngi og tillaga að breyttu aðalskipulagi verði send Skipulagsstofnun til athugunar og auglýst samhliða deiliskipulagsbreytingunni.
Eggert Valur Guðmundsson, S-lista, Ásta Stefánsdóttir, D-lista, Gunnar Egilsson, D-lista, og Arna Ír Gunnarsdóttir, S-lista, tóku til máls.
Tillagan var borin undir atkvæði og samþykkt með sex atkvæðum, bæjarfulltrúar, S-lista, sátu hjá.
Arna Ír Gunnarsdóttir, S-lista, tók til máls og lagði fram eftirfarandi bókun:
Undirritaðir bæjarfulltrúar geta ekki tekið undir afgreiðslu 15.liðar frá 20. fundi skipulags- og byggingarnefndar frá 2.mars sl., er varðar að senda breytta deiliskipulagstillögu miðbæjar Selfoss í almennt auglýsingarferli.
Það er skoðun undirritaðra bæjarfulltrúa að ekki sé tímabært að auglýsa tillögu að breyttu deiliskipulagi miðbæjarins á Selfossi. Enn er ýmsum spurningum ósvarað varðandi þetta mikilvæga skipulagsmál og forsendur vilýrðis fyrir lóðum til handa Sigtúni Þróunarfélagi er ekki fullnægt. Í því vilýrði sem samþykkt var á fundi bæjarráðs þann 19. mars 2015 var m.a kveðið á um að framkvæmdaáðila bæri að sýna með hvaða hætti þeir hyggðust fjármagna fyrirhugaðar framkvæmdir, en undirritaðir bæjarfulltrúar hafa ekki séð neitt hvað þann mikilvæga þátt varðar. Þá liggur ekkert fyrir um með hvaða hætti sveitarfélagið hyggist endurheimta þann útlagða kostnað sem lagt var í við uppkauþ þess á umræddu svæði.
Í áðurnefndri viljayfirlýsingu um vilýrði fyrir lóðum kemur einnig fram að sveitarfélagið muni annast gatnagerð á svæðinu. Engin gögn eða upplýsingar hafa verið kynntar fyrir undirrituðum varðandi kostnað sveitarfélagsins vegna hugmynda Sigtúns Þróunarfélags á miðbæjarreitnum.
Undirrituð minna á að fjárhagsstaða sveitarfélagsins er ekki sterk um þessar mundir, og ekki er gert ráð fyrir þessum framkvæmdum í fjárfestingaráætlun ársins 2016 eða framkvæmdaáætlunum sveitarfélagsins til næstu ára.
Bæjaryfirvöld í Árborg samþykktu í mars árið 2011 að kaupa land í miðbæ Selfoss fyrir 175 milljónir króna. Rökin fyrir þeirri fjárfestingu voru þau að með því að festa kaup á landi Miðjunnar var sveitarfélagið að eignast lykilsvæði í framtíðarmiðbæ Selfoss og næði þar með forræði og tökm á framvindu miðbæjarsvæðisins. Í framhaldi af því var svo unnið að gerð nýs miðbæjarskipulags sem taka átti á öllum þeim þáttum er aflaga þóttu hafa farið frá fyrri tíð, að mati meirihluta bæjarstjórnar. Það er því afar sérkennilegt að hér séu bæjaryfirvöld að leggja fram enn eitt miðbæjarskipulagið sem í þetta skiptið er unnið án beinnar þátttöku bæjaryfirvalda og vikur verulega frá núgildandi deiliskipulagi sem samþykkt var 2014.
Bæjarfulltrúar Samfylkingarinnar hafa ekki lagst gegn því að Sigtún Þróunarfélag fengi að koma hugmyndum sínum um nýtt miðbæjarskipulag á framfæri við íbúa sveitarfélagsins. Í því felst hins vegar ekkert mat eða skoðun á ágæti hugmyndanna, heldur frekar sú skoðun að skipulag, yfirbragð og útlit miðbæjarins sé mál sem íbúarnir sjálfir eigi að hafa lokaorð um, annaðhvort í gegnum lögvarinn andmælarétt í auglýsingaferli eða jafnvel í framhaldinu með beinni lýðræðislegri íbúakosningu.
Arna Ír Gunnarsdóttir, S-lista,
Eggert Valur Guðmundsson, S-lista.

II. 1603159

Fyrirspurn bæjarfulltrúa S-lista vegna nýbyggingar við Sundhöll Selfoss

Lögð var fram eftirfarandi fyrirspurn bæjarfulltrúa S-lista: Undirrituð óska eftir því að lagt verði fram fyrir næsta fund bæjarstjórnar þann 16. mars svör við eftirfarandi fyrirspurnum.

1. Sundurliðað kostnaðaryfirlit vegna nýbyggingar við Sundhöll Selfoss.
2. Sundurliðað kostnaðaryfirlit vegna aukaverka (viðbótarverka) sem orðið hafa til á verktímanum.
3. Sundurliðuð kostnaðaráætlun vegna þeirra framkvæmda sem eftir er að vinna svo unnt verði að loka verkefninu.

Greinargerð:

Viðbygging við Sundhöll Selfoss er stærsta einstaka framkvæmd sem sveitarfélagið hefur ráðist í á undanförnum misserum. Það er skoðun undirritaðra að til þess að uppfylla kröfur um opna og góða stjórnarsýsluhætti sé sjálfsagt og eðlilegt að svör við framkomnum fyrirspurnum séu lagðar fram á bæjarstjórnarfundi og færð til bókar, til upplýsingar fyrir íbúa og bæjarfulltrúa.

Eggert Valur Guðmundsson, bæjarfulltrúi, S-lista,

Arna Ír Gunnarsdóttir, bæjarfulltrúi, S-lista.

Ásta Stefánsdóttir, D-lista, tók til máls og lagði fram svar við fyrirspurn vegna kostnaðar við nýbyggingu Sundhallar Selfoss:

Kostnaður vegna verksamnings við JÁVERK ehf um viðbyggingu við Sundhöll Selfoss nemur kr. 476.966.732 auk vsk, eða alls 612.304.641 með vsk. Samningur aðila hljóðar upp á 477.000.000 auk vsk.

Á framkvæmdatímanum tók byggingarnefnd Sundhallar ákvarðanir

um að láta vinna nokkra verkþætti tengda eldri byggingu Sundhallar til viðbótar upphaflegum verksamningi (viðbótarverk). Samtals hafa verið greiddar 39.824.985 auk vsk, eða 49.382.981 með vsk, fyrir þau verk. Er þar t.d. um að ræða endurnýjun á hluta þaks eldra húss, endurnýjun á loftræstikerfi við gömlu innilaugina, málun á gluggum og veggjum eldra húss (útveggir og við innilaug), endurnýjun saunaklefa og endurbætur á kjallara eldra húss. Hlutdeild sveitarfélagsins í kostnaði við útskipti á gólfefnum við innilaug nemur kr. 1.612.903 auk vsk, eða alls 2.000.000 með vsk. Eftir er að vinna eða reikningsfæra nokkra kostnaðarliði sem falla undir viðbótarverk og er þar alls um að ræða 5.471.000 auk vsk, eða alls 6.780.040 með vsk. Þessir liðir snúa einkum að kjallara eldra húss.

Viðbygging við Sundhöll Selfoss er afar velheppnuð framkvæmd og hefur samningur við JÁVERK ehf um byggingu hússins staðist í öllum atriðum. Ákvarðanir byggingarnefndar um að vinna verk til viðbótar upphaflegum samningi hafa verið teknar á grundvelli vettvangsskoðana og kostnaðaráætlana og aðhalds gætt í hvívetna. Þá skilar sú starfsemi sem samið hefur verið um á efri hæð nýbyggingar tekjum inn í reksturinn sem koma á móti fjárfestingarkostnaði.

Gunnar Egilsson, D-lista, Helgi S. Haraldsson, B-lista, og Ari Björn Thorarensen, forseti bæjarstjórnar, tóku til máls.

Eggert Valur Guðmundsson og Arna Ír Gunnarsdóttir, S-lista, tóku til máls og þökkuðu fyrir svörin.

III: 1503158

Beiðni um framlengingu á vilyrði um lóðaúthlutun vegna lóða í miðbæ Selfoss

Ásta Stefánsdóttir, D-lista, tók til máls og lagði fram eftirfarandi beiðni Sigtúns þróunarfélags ehf.

Sigtún þróunarfélag ehf. óskar eftir að vilyrði félagsins

fyrir úthlutun á lóðum Sveitarfélagsins Árborgar í miðbæ Selfoss verði framlengt. Einnig að gengið verði til samninga við félagið um endanlega úthlutun sem fyrst.

F.h. Sigtúns þróunarfélags, Leó Árnason

Lagt var til að vilyrði fyrir lóðaúthlutun verði framlengt til 3ja mánaða og framkvæmdastjóra sveitarfélagsins falið að vinna drög að samningi við Sigtún þróunarfélag ehf. um gatnagerð og úthlutun lóða og leggja samning fyrir bæjarráð.

Arna Ír Gunnarsdóttir, S-lista, Ari Björn Thorarensen, forseti bæjarstjórnar, Eggert Valur Guðmundsson, S-lista, Gunnar Egilsson, D-lista, Sandra Dís Hafþórsdóttir, D-lista, og Kjartan Björnsson, D-lista, tóku til máls.

Tillagan var borin undir atkvæði og samþykkt með sex atkvæðum bæjarfulltrúa B- og D-lista, bæjarfulltrúar S-lista sátu hjá.

Fleira ekki gert. Fundargerðin lesin upp og fundi slitið kl. 19:00

Ásta Stefánsdóttir
Sandra Dís Hafþórsdóttir
Ari Björn Thorarensen
Gunnar Egilsson
Kjartan Björnsson
Helgi Sigurður Haraldsson
Eggert Valur Guðmundsson
Arna Ír Gunnarsdóttir
Rósa Sif Jónsdóttir, ritari